

## GJALDSKRÁ

### fyrir holræsagjald á Fljótsdalshéraði.

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Fljótsdalshéraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

#### 2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,265% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með því að bygging er skráð foheld í Landskrá fasteigna í byggingarstig 4.

#### 4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

#### 5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega. Holræsagjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Fljótsdalshéraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

<i>Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi</i>		<i>Grunngjald kr.</i>	<i>m<sup>3</sup> gjald kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	46.084	32,89	m <sup>3</sup> gjald reiknast af m <sup>3</sup> umfram 400. Hámarksgjald er kr. 247.966
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	46.084	32,89	m <sup>3</sup> gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 247.966

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2008 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2009.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt Fljótshéraðs um fráveitur sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af bæjarráði Fljótshéraðs þann 13. febrúar 2008 og staðfest af bærstjórn Fljótshéraðs 20. febrúar 2008, til að taka gildi við birtingu.

*Egilsstöðum, 21. febrúar 2008.*

**Eiríkur Bj. Björgvinsson** bærstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2008